



Klappir Grænar Lausnir hf.

Ársreikningur

2022

Klappir Grænar Lausnir hf.
Hlíðasmára 3
201 Kópavogur
kt. 630914-1080

Klappir Grænar Lausnir hf.

Ársreikningur

2022

Efnisyfirlit

| | |
|----------------------------|-------|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2-3 |
| Skýrsla stjórnar | 4-5 |
| Lykiltölur | 6 |
| Rekstrarreikningur | 7 |
| Efnahagsreikningur | 8 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 9 |
| Skýringar | 10-15 |

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Klöppum Grænum Lausnum hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Klappa Grænna Lausna hf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Klöppum Grænum Lausnum hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Klappa Grænna Lausna hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 28.mars 2023.

Deloitte ehf.

Birna María Sigurðardóttir
endurskoðandi

Ársreikningur Klappa Grænna Lausna hf. fyrir árið 2022 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Klappa Grænna Lausna hf. fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Félagið var stofnað í september 2014 og er tilgangur félagsins kaup, sala og eignarhald verðbréfa, eign, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur.

Starfsemin á árinu

| | |
|---|--------------|
| Tekjur samkvæmt rekstrarreikningi..... | 447.597.151 |
| EBITDA..... | 59.305.635 |
| Hagnaður félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam..... | (35.526.350) |
| Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu..... | 614.742.469 |
| Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam..... | 373.289.626 |
| Eiginfjárlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam..... | 61% |
| Fjöldi ársverka á árinu nam..... | 25 |

Hluthafar

Hlutfé félagsins nam 140,2 m.kr í lok árs 2022. Hlutfé félagsins skiptist í tvo flokka, A og B flokk. Báðir flokkar bera atkvæðisrétt, A flokkur vegur 10 atkvæði á móti 1 atkvæði hjá B flokk, sjá nánar í skýringu 9. Í lok árs voru hluthafar 316 talsins og fjölgaði þeim um 14 frá ársbyrjun 2022. Stærstu hluthafarnir voru eftirfarandi í lok árs:

| | A hlutir | B hlutir | Samtals | Atkvæða- réttur |
|--------------------------------------|------------|------------|-------------|--------------------|
| Kvistar eignarhaldsfélag ehf..... | 49.418.150 | 16.888.400 | 66.306.550 | 86,72% |
| Sindrandi ehf..... | - | 32.545.834 | 32.545.834 | 5,52% |
| Pund ehf..... | - | 5.000.000 | 5.000.000 | 0,85% |
| Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins..... | - | 3.619.579 | 3.619.579 | 0,61% |
| Eyktarsalir ehf..... | - | 3.045.350 | 3.045.350 | 0,52% |
| Stey ehf..... | - | 3.000.000 | 3.000.000 | 0,51% |
| Kjalavegur ehf..... | - | 3.000.000 | 3.000.000 | 0,51% |
| Dexter Fjárfestingar ehf..... | - | 2.600.000 | 2.600.000 | 0,44% |
| Klappir ehf..... | - | 2.236.469 | 2.236.469 | 0,38% |
| Bjarni Þór Björnsson..... | - | 2.175.474 | 2.175.474 | 0,37% |
| Haru Holding ehf..... | - | 2.000.000 | 2.000.000 | 0,34% |
| Svana Helen Björnsdóttir..... | - | 1.689.947 | 1.689.947 | 0,29% |
| Startup Reykjavík Invest ehf..... | - | 1.485.550 | 1.485.550 | 0,25% |
| Fari ehf..... | - | 1.300.000 | 1.300.000 | 0,22% |
| Sýn hf..... | 581.850 | - | 581.850 | 0,99% |
| Aðrir hluthafar..... | - | 8.767.097 | 8.767.097 | 1,49% |
| Samtals..... | 50.000.000 | 89.353.700 | 139.353.700 | 100% |

Stjórn Klappa grænna lausna hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, NasdaqOMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint sem og verksvið gagnvart forstjóra. Í reglunum má einnig finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Hlutfall kynja í stjórn félagsins eru tvær konur (50%) og tveir karlar (50%).

Skýrsla stjórnar

Sjálfbærni

Stjórn vísar á frekari umfjöllun í sjálfbærniskýrslu (e. Sustainability statement) á heimasíðu félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Klappa Grænna Lausna hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31.12.2022, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á árinu 2022.

Stjórn og framkvæmdastjóri Klappa Grænna Lausna hf. staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun

Reykjavík, 28. mars 2023

Í stjórn

Ágúst Einarsson

Hildur Jónsdóttir

Vilborg Einarasdóttir

Gunnar Sigurðsson

Forstjóri

Jón Ágúst Þorsteinsson

Ársreikningur Klappa Grænna Lausna hf. fyrir árið 2022 er rafrænt undirritaður af stjórn og forstjóra

Lykiltölur

| | <u>31.12.2022</u> | <u>31.12.2021</u> |
|--|-------------------|-------------------|
| Heildartekjur | 447.597.151 | 380.146.835 |
| Hagnaður fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA) | 59.305.635 | 72.825.135 |
| Hagnaður (-tap) tímabilsins | (35.526.350) | 6.765.189 |
| Arðsemi eigin fjár | -9,5% | 1,6% |
| Arðsemi heildareigna | -1,6% | 1,8% |
| | <u>31.12.2022</u> | <u>31.12.2021</u> |
| Heildareignir | 614.742.469 | 509.832.712 |
| Skuldir samtals | 241.452.843 | 88.296.736 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 614.742.469 | 509.832.712 |
| Veltufjórhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 5,5 | 4,8 |
| Eiginfjórhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 60,7% | 82,7% |
| Innra virði hlutafjár - eigið fé/hlutafé | 2,7 | 3,0 |
| Ýmsar stærðir sem hlutfall af tekjum | | |
| Annar rekstrarkostnaður | 37,3% | 26,9% |
| Hagnaður fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA) | 13,2% | 19,2% |
| Hagnaður (-tap) tímabilsins | -7,9% | 1,8% |

Rekstrarreikningur ársins 2022

| | Skýr. | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|--|-------|----------------------------|-------------------------|
| Rekstrartekjur | | 280.176.486 | 268.484.120 |
| Aðrar tekjur | | 167.420.665 | 111.662.715 |
| | | <u>447.597.151</u> | <u>380.146.835</u> |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 4 | (221.369.330) | (204.999.875) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (166.922.186) | (102.321.825) |
| Afskriftir fastafjármuna | | (68.094.682) | (64.097.780) |
| (Rekstrartap), rekstrarhagnaður | | <u>(8.789.047)</u> | <u>8.727.355</u> |
| Fjármunatekjur | | 310.481 | 317.986 |
| Fjármagnsgjöld | | (3.789.647) | (2.307.266) |
| Gengismunur | | (1.572.428) | 27.114 |
| | 5 | <u>(5.051.594)</u> | <u>(1.962.166)</u> |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélags | 8 | (21.685.709) | 0 |
| (Tap) Hagnaður tímabilsins | | <u><u>(35.526.350)</u></u> | <u><u>6.765.189</u></u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| Eignir | Skýr. | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|--|-------|--------------------|--------------------|
| Fastafjármunir | | | |
| Óefnislegar eignir | | 238.169.882 | 223.655.624 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | 8.873.075 | 4.414.466 |
| Eignarhlutur í dótturfélagi | 8 | 0 | 7.030.598 |
| Tekjuskattseign | 11 | 21.320.520 | 21.320.520 |
| Kröfur á tengd félög | 12 | 5.473.091 | 0 |
| | | <u>273.836.568</u> | <u>256.421.208</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Viðskiptakröfur | | 38.818.683 | 44.649.746 |
| Aðrar skammtímaskröfur | | 150.801.665 | 131.496.537 |
| Handbært fé | | 151.285.553 | 77.265.221 |
| | | <u>340.905.901</u> | <u>253.411.504</u> |
| Eignir | | <u>614.742.469</u> | <u>509.832.712</u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Hlutfé | 9 | 139.353.700 | 140.153.700 |
| Yfirverðsreikningur hlutfjár | | 482.279.200 | 494.199.200 |
| Annað bundið eigið fé | | 135.371.430 | 113.010.584 |
| Óráðstafað eigið fé | | (383.714.704) | (325.827.508) |
| Eigið fé | | <u>373.289.626</u> | <u>421.535.976</u> |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | | |
| Aðrar langtímaskuldir | 10 | 144.057.562 | 0 |
| Skuldir við tengd félög | 12 | 35.344.694 | 35.344.694 |
| | | <u>179.402.256</u> | <u>35.344.694</u> |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 16.587.274 | 14.115.588 |
| Skuldir við tengd félög | 12 | 0 | 6.522.854 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 45.463.313 | 32.313.600 |
| | | <u>62.050.587</u> | <u>52.952.042</u> |
| Skuldir | | <u>241.452.843</u> | <u>88.296.736</u> |
| Eigið fé og skuldir | | <u>614.742.469</u> | <u>509.832.712</u> |

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

| | Skýr. | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|-------|----------------------|---------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir skatta | | (8.789.047) | 8.727.355 |
| Afskriftir | 7 | 68.094.682 | 64.097.780 |
| Sölutap fastafjármuna | | 154.000 | 0 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 59.459.635 | 72.825.135 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) | | (12.097.441) | (33.967.048) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun | | 14.157.643 | 10.677.704 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 61.519.837 | 49.535.791 |
| Innborgaðir vextir og arður | | 310.481 | 317.986 |
| Greiddir vextir | | (3.789.647) | (2.307.266) |
| (Greiddur) innborgaður gengismunur | | (1.572.428) | 27.114 |
| Handbært fé frá rekstri | | 56.468.243 | 47.573.625 |
| Fjárfestingahreyfingar | | | |
| Fjárfestingar í óefnislegum eignum | 6 | (81.089.432) | (48.921.727) |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | (6.132.117) | (1.802.388) |
| Keypt eigin bréf | | (12.720.000) | 0 |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélags | | (21.685.709) | 0 |
| Hækkun á kröfum á tengd félög | | (5.473.091) | 0 |
| | | (127.100.349) | (50.724.115) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Nýjar langtímaskuldir | | 144.057.562 | 0 |
| Hækkun á skuldum við tengd félög | | 0 | 344.694 |
| | | 144.057.562 | 344.694 |
| Hækkun, (lækkun) handbærs fjár | | 73.425.456 | (2.805.796) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 77.265.221 | 80.071.017 |
| Handbært fé í lok árs | | 151.285.553 | 77.265.221 |

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Klappir Grænar Lausnir hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Klappir Grænar Lausnir hf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Hlíðasmára 3, 201 Kópavogur.

Klappir Grænar Lausnir hf. semur ekki samstæðureikning með dótturfélagi sínu Klappir Nordic ApS í samræmi við 1.mgr. 68 gr. laga nr. 3/2006 þar sem að samstæðan flokkast sem lítil samstæða í samræmi við 33 tl., 1.mgr., 2.gr. laga nr. 3/2006.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2022 | 2021 |
|--|--------------------|--------------------|
| Laun | 242.833.156 | 173.323.142 |
| Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður | 59.625.606 | 47.643.203 |
| Eignfærð laun | (81.089.432) | (15.966.470) |
| | <u>221.369.330</u> | <u>204.999.875</u> |

Meðalfjöldi stöðugilda 25 20

Laun til forstjóra námu 18,6 m.kr. (2021: 13,7 m.kr.). Laun stjórnar námu 2,1 m.kr (2021: 2,4 m.kr.).

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur greinast þannig: | 2022 | 2021 |
|--------------------------------------|----------------|----------------|
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 288.875 | 31.878 |
| Vaxtatekjur af viðskiptakröfum | 21.606 | 286.108 |
| | <u>310.481</u> | <u>317.986</u> |

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | | |
|--|--------------------|--------------------|
| Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir | (697.361) | 0 |
| Vaxtagjöld til tengdra félaga | (2.896.889) | (2.252.487) |
| Önnur vaxtagjöld | (195.397) | (54.779) |
| | <u>(3.789.647)</u> | <u>(2.307.266)</u> |

Gengismunur og framvirkir samningar greinast þannig:

| | | |
|-------------------|--------------------|--------------------|
| Gengismunur | (1.572.428) | 27.114 |
| | <u>(1.572.428)</u> | <u>27.114</u> |
| | <u>(5.051.594)</u> | <u>(1.962.166)</u> |

Skýringar

6. Aðrar óefnislegar eignir

| | Viðskiptavild | Hugbúnaður | Samtals |
|--------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| Kostnaðarverð | | | |
| Staða 1.1.2022 | 181.154.753 | 296.385.589 | 477.540.342 |
| Eignfært á árinu | 0 | 81.089.432 | 81.089.432 |
| Staða 31.12.2022 | <u>181.154.753</u> | <u>377.475.021</u> | <u>558.629.774</u> |
| Afskriftir | | | |
| Staða 1.1.2022 | 91.683.888 | 162.200.830 | 253.884.718 |
| Afskrift ársins | 17.920.881 | 48.654.293 | 66.575.174 |
| Staða 31.12.2022 | <u>109.604.769</u> | <u>210.855.123</u> | <u>320.459.892</u> |
| Bókfært verð | | | |
| Staða 1.1.2022 | <u>89.470.865</u> | <u>134.184.759</u> | <u>223.655.624</u> |
| Staða 31.12.2022 | <u>71.549.984</u> | <u>166.619.898</u> | <u>238.169.882</u> |
| Afskriftarhlutföll | 10% | 20% | |

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Áhöld og tæki |
|------------------------------|-------------------|
| Kostnaðarverð | |
| Staða 1.1.2022 | 6.949.247 |
| Eignfært á árinu | 6.782.117 |
| Selt og aflagt á árinu | (650.000) |
| Staða 31.12.2022 | <u>13.081.364</u> |
| Afskriftir | |
| Staða 1.1.2022 | 2.534.781 |
| Afskrift ársins | 1.519.508 |
| Selt og aflagt á árinu | 154.000 |
| Staða 31.12.2022 | <u>4.208.289</u> |
| Bókfært verð | |
| Staða 1.1.2022 | <u>4.414.466</u> |
| Staða 31.12.2022 | <u>8.873.075</u> |
| Afskriftarhlutföll | 20% |

Skýringar

8. Eignarhlutar í dótturfélagi

| | Eignarhlutur | Afkoma tímabils | Eigið fé |
|---|--------------|-----------------|--------------|
| Eignarhlutar í dótturfélögum: | | | |
| Klappir Nordic ApS, Danmörku | 100,00% | (21.685.709) | (20.870.829) |
| Breyting eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélögum greinist þannig: | | | |
| | | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
| Staða í ársbyrjun | | 7.030.598 | 7.030.598 |
| Keypt á árinu | | 758.000 | 0 |
| Samruni | | (7.030.598) | 0 |
| Hlutdeild í afkomu | | (21.685.709) | 0 |
| Fært á varúðarniðurfærslu krafna | | 20.927.709 | 0 |
| Staða í árslok | | 0 | 7.030.598 |

Eignarhlutur í Klöppum Nordic ApS er niðurfærður á móti langtímakröfu á félagið vegna neikvæðrar eiginfjár stöðu.

9. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

| | A hlutir | B hlutir | Samtals |
|-------------------------------|------------|------------|-------------|
| Heildarhlutafé í árslok | 50.000.000 | 90.153.700 | 140.153.700 |
| Eigin hlutir í árslok | 0 | (800.000) | (800.000) |
| | 50.000.000 | 89.353.700 | 139.353.700 |

Hlutafé félagsins í lok árs 2022 er 139,4 m.kr. að nafnverði.

Hlutir félagsins skiptast í A og B hluti. Í A hlutaflokki eru útgefnir 50,0 milljón hlutir, hver hlutur í A flokki er að fjárhæð ein króna og tíu atkvæði fylgir hverri krónu hlutafjár. Í B hlutaflokki eru útgefnir 90,1 milljón hlutir, hver hlutur í B flokki hefur eitt atkvæði en að öðru leyti hafa flokkarnir sömu réttindi.

| Eigið fé greinist þannig: | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|-----------------------------------|-------------|----------------------|-----------------|---------------------|------------------|
| Eigið fé 1.1.2021 | 140.153.700 | 494.199.200 | 76.331.601 | (295.905.128) | 414.779.373 |
| Leiðrét frá fyrra tímabili | | | | (8.899) | (8.899) |
| Endurmat fastafjármuna | | | 35.866.317 | (35.866.317) | 0 |
| Hagnaður ársins | | | | 6.765.502 | 6.765.502 |
| Eigið fé 1.1.2022 | 140.153.700 | 494.199.200 | 112.197.918 | (325.014.842) | 421.535.976 |
| Leiðrétt frá fyrra tímabili | (800.000) | (11.920.000) | | | (12.720.000) |
| Fært á bundið eigið fé | | | 22.360.846 | (22.360.846) | 0 |
| Tap ársins | | | | (35.526.350) | (35.526.350) |
| Eigið fé 31.12.2022 | 139.353.700 | 482.279.200 | 134.558.764 | (382.902.038) | 373.289.626 |

Félagið hefur gefið út kaupréttarsamninga til starfsmanna að nafnverði 2.104.616 kr. Samkvæmt samningum þá ávinnt kauprétturinn í jöfnum hlutföllum á 4 árum. Samningur fellur úr gildi átta árum frá útgáfudegi. Um kaupréttaráætlun og kaupréttarsamninga félagsins gilda almennar reglur um slíka samninga sem fást viðurkenndir af Ríkisskattstjóra, meðal annars að samningar bjóðast öllum starfsmönnum og hámark innlausnar er 600.000 kr. á ári.

Bundið eigið fé samanstendur af eignfærðum þróunarkostnaði í samræmi við 5. mgr. 41. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

10. Aðrar langtímaskuldir

Félagið hefur gert samning við Nefco, Nordic Green Bank um lánsfjármögnun í EUR til félagsins. Samningurinn veitir Klöppum Grænum Lausnum aðgang að lánalínu á ÖVT vöxtum sem endurgreiðist í einu lagi árið 2025.

Skýringar

11. Tekjuskattseign

| | Inneign | |
|-------------------------|------------|------------|
| | 2022 | 2021 |
| Staða í ársbyrjun | 21.320.520 | 21.320.520 |
| Staða í árslok | 21.320.520 | 21.320.520 |

Félagið færir ekki upp tekjuskattseign sína að fullu út af óvissu um nýtingu. Tekjuskattseign greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|--|---------------|---------------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 95.901 | 95.901 |
| Óefnislegar eignir | (15.643.044) | (15.643.044) |
| Aðrir liðir | 2.018.908 | 2.018.908 |
| Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi | 147.515.825 | 147.515.825 |
| Niðurfærsla vegna óvissu um nýtingu á yfirfæranlegu tapi | (112.667.070) | (112.667.070) |
| | 21.320.520 | 21.320.520 |

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýttist til frádráttar skattalegum hagnaði í síðasta lagi sem hér segir:

| | 31.12.2022 |
|--------------------------------------|-------------|
| Frá hagnaði ársins 2023 / 2022 | 12.735.553 |
| Frá hagnaði ársins 2024 / 2023 | 55.108.662 |
| Frá hagnaði ársins 2025 / 2024 | 80.817.277 |
| Frá hagnaði ársins 2026 / 2025 | 83.025.148 |
| Frá hagnaði ársins 2027 / 2026 | 79.443.777 |
| Frá hagnaði ársins 2028 / 2027 | 38.818.849 |
| Frá hagnaði ársins 2029 / 2028 | 158.512.542 |
| Frá hagnaði ársins 2030 / 2029 | 119.314.129 |
| Frá hagnaði ársins 2031 / 2030 | 86.439.447 |
| Frá hagnaði ársins 2032 / 2031 | 166.763.553 |
| | 880.978.937 |

12. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag.

Félagið hefur gert kaupréttarsamninga við stjórnendur, starfsmenn og aðra aðila tengda rekstrinum, sjá nánar í skýringu 9.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Engin veruleg viðskipti voru við tengda aðila árin 2022 og 2021.

Viðskipti við tengd félög árið 2022:

| | Kröfur | Skuldir |
|--|-----------|------------|
| Dótturfélag | 5.473.091 | 0 |
| Klappir ehf. (tengdur aðili eins hluthafa) | 0 | 35.344.694 |
| | 5.473.091 | 35.344.694 |

Viðskipti við tengd félög árið 2021:

| | Kröfur | Skuldir |
|--|--------|------------|
| Dótturfélag | 0 | 6.522.854 |
| Klappir ehf. (tengdur aðili eins hluthafa) | 0 | 35.344.694 |
| | 0 | 41.867.548 |

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og ef um ótengda aðila væri að ræða.

13. Önnur mál

Á árunum 2017-2022 hefur félagið unnið að þróun á hugbúnaði. Stærsti hluti verkefnisins, sem samanstendur að mestu leyti af launakostnaði, hefur verið gjaldfærður í rekstrarreikningi. Félagið fékk á árinu 2022 staðfestingu frá Rannís þess efnis að þróunarverkefnið hafi verið samþykkt á grundvelli laga nr. 152/2009. Með staðfestingunni öðlaðist félagið rétt á sérstakri endurgreiðslu byggt á beinum kostnaði við verkefnið. Félagið mun sækja um endurgreiðsluna í tengslum við skattskil félagsins vegna ársins 2022 líkt og á árinu 2021. Áætluð endurgreiðsla kostnaðar vegna verkefnanna á árinu 2022 nemur 148 m.kr.

14. Reikningsskilaaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímamarki þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendra mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

14. Reikningsskilaaðferðir, frh.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptavild

Viðskiptavild myndast við sameiningar félaga eða kaup á rekstri er mismunur á kaupverði og gangvirði hreinna eigna. Viðskiptavild er afskrifuð línulega á 10 árum.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna viðskiptasamninga, einkaleyfa, hugbúnaðar og þróunarkostnaðar. Eignir þessar eru afskrifaðar með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning. Val á afskriftaraðferð skal miðast við notkun á viðkomandi eign á nýtingartíma hennar. Ef þessar eignir hafa ekki ákveðinn nýtingartíma er þó heimilt að meta þær árlega í samræmi við settar reikningasskilareglur og skulu þær sæta árlegu virðisrýrnunarprófi eða oftast ef vísbendingar um virðisrýrnun hafa komið fram. Þróunarkostnaður er afskrifaður á 10 árum ef ekki er hægt að skilgreina nýtingartíma hans.

Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir; hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni, og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og því færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.